

## **VARNARGARÐUR UNDIR GLEIÐARHJALLA Í ÍSAFJARÐARBÆ**

### **Ákvörðun um matsskyldu**

#### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að hækkun ofanflóðavarnargarðs undir Gleiðarhjalla á Ísafirði og dýpkun rásar ofan hans sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrirhugaðar framkvæmdir fara fram á svæði sem nú þegar ber merki röskunar vegna varnargarðs og rásar ofan hans. Sjónræn áhrif vegna hækkunar núverandi garðs og dýpkunar rásar verða nokkuð neikvæð, einkum á framkvæmdatíma en Skipulagsstofnun leggur áherslu á að vandað verði til hönnunar og frágangs garðsins. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á gróður verði ekki veruleg þar sem framkvæmdasvæðið einkennist af algengu gróðurlendi og ekki er um að ræða sjaldgæfar plöntutegundir á svæðinu. Tímabundin neikvæð áhrif geta orðið í íbúðarbyggð í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins vegna ónæðis.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. apríl 2010.

9. mars 2010

## INNGANGUR

Þann 3. febrúar 2010 tilkynnti Ísafjarðarbær gerð varnargarðs undir Gleiðarhjalla í Ísafjarðarbæ til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og liðum 11 k og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 8. mars 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. febrúar 2010, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 22. febrúar 2010, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. febrúar 2010 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 24. febrúar 2010.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í hættumati vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ komi fram að erfitt sé að meta hættu á snjóflóðum undir Gleiðarhjalla þar sem snjóflóð séu sjaldgæf. Aftur á móti sé hætta á aurflóðum og grjóthruni töluverð en hættumatslínur lýsi samanlagðri hættu vegna snjóflóða, aurflóða og grjóthruns. Fram kemur að áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar sé á u.þ.b. 2,5 ha svæði ofan við efstu byggð á Ísafirði. Fyrirhuguð sé að breyta núverandi varnargarði sem sé um 640 m langur og 2 m hár og að dýpka og breikka tveggja metra djúpa rás ofan garðsins. Gert sé ráð fyrir að dýpka rásina um u.þ.b. einn metra og breikka hana í fjóra metra og nýta hluta efnis úr uppgreftri til að hækka varnargarðinn í allt að 5 m um miðbik garðsins og sé sú hæð þá miðað við að mælt sé frá botni rásarinnar eftir dýpkun. Gert sé ráð fyrir að efnisþörf vegna hækkunarinnar sé um 9000 m<sup>3</sup> en alls muni falla til um 25.000-30.000 m<sup>3</sup> vegna framkvæmda við rásina. Umframefni sé áætlað að nýta sem yfirlag yfir uppdælt efni á hafnarsvæðinu og í frágang á gömlum malarnámum. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að ýta efsta lagi jarðvegsins til hliðar og þekja framkvæmdasvæðið með því að verki loknu. Þá verði grasfræum sáð í jarðvegssár og jafnvel annar gróður settur niður. Reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði og áhersla lögð á að draga úr sýnileika varnargarðsins með mjúkum línum og breytilegum halla og bæta upp fyrir þau útivistarsvæði sem tapist vegna framkvæmdanna m.a. með því að útbúa göngustíg ofan á garðinum og tengja hann við núverandi göngustígakerfi. Fram kemur að tilgangur með fyrirhuguðum framkvæmdum sé að tryggja að íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár og að eignir verði sem best varðar fyrir ofanflóðum. Fram kemur að áætlaður framkvæmdatími nái yfir þriggja ára tímabil og verði hafist handa við framkvæmdir í júní 2010 en þá verði varnargarðurinn mótaður og grasfræum sáð. Árin 2011 og 2012 verði síðan unnið við endursáningu og lagningu göngustíga.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögnunum koma að öðru leyti ekki fram sérstakar athugasemdir við framkvæmdina.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða hækkun á núverandi ofanflóðavarnargarði undir Gleiðarhjalla á Ísafirði og breikkun og dýpkun rásar sem er fjallsmegin við garðinn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 11 k og 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að í dag er 640 m langur og 2 m hár garður á svæðinu auk þess sem tveggja metra djúp rás er ofan garðsins og að svæðið ber ýmis ummerki röskunar vegna þessara mannvirkja. Skipulagsstofnun telur þó óhjákvæmilegt að sjónræn áhrif vegna hækkunar garðsins og dýpkunar rásar ofan hans verði nokkuð neikvæð, einkum á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur mikilvægt, að vandað verði til hönnunar og frágangs varnargarðsins eins og lögð er áhersla á í framlögðum gögnum Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á gróður verði ekki veruleg þar sem framkvæmdasvæðið einkennist af algengu gróðurlendi og ekki er um að ræða sjaldgæfar plöntutegundir á svæðinu. Stofnunin telur að nokkur neikvæð áhrif geti orðið vegna ónæðis af völdum framkvæmda í íbúðarbyggð í næsta nágrenni en eðli málsins samkvæmt verða þau áhrif tímabundin.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ísafjarðarbæjar við tilkynningu og umsagnir sem bárust stofnuninni. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að hækkun varnargarðs undir Gleiðarhjalla á Ísafirði og dýpkun rásar ofan hans sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem nú er í staðfestingarferli og gert er ráð fyrir að deiliskipulag fyrir varnarvirkin verði auglýst í mars 2010.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ísafjarðarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. apríl 2010.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

